

Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.

Haldinn 10. nóvember 2008

Mættir: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Inga Birna Kristinsdóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir.

1. FFGÍR

Kristlaug María Sigurðardóttir hefur verið ráðin nýr verkefnisstjóri FFGÍR (Foreldrafélög grunnskóla í Reykjanesbæ). Fundur verður haldinn á morgun, þriðjudag, þar sem hún mun kynna sig og fara yfir málin. Kristjana og Hafdís ætla að reyna að mæta.

2. Jólaföndur

Mikil vandræði eru með jólaföndur víða þar sem ekki er til mikið af efni í föndurbúðum landsins. Rætt var um að sleppa föndrunu í ár og hafa þess í stað laufabrauðsgerð. Best væri þá að hafa það á laugardegi. Rætt var um laugardaginn 29. nóv. kl. 11.00 – 15.00. Hafdís ætlar að afla sér upplýsinga hjá öðrum skólum sem vitað er að hafi verið með laufabrauðsgerð. Ákveðið var að hittast nk. mánudagskvöld og ákveða málið endanlega.

3. Bekkjafulltrúar

Vitað er að ýmislegt skemmtilegt er farið af stað hjá bekkjafulltrúum hinna ýmsu bekkja og margir hópar hafa nú þegar komið saman og átt góða stund. Allt hið besta mál.

4. Gíróseðlar

Góð skil hafa verið á greiðslum foreldra í félagið sem er mikilvægt svo að félagið geti staðið fyrir fyrirlestur og öðrum upþákomum fyrir nemendur og foreldra skólans.

5. Símaskrá

Inga Birna talaði við Jónínu varðandi símaskrá nemenda og tók hún vel í málið. Hún talaði um að fá jafnvel Kjartan smíðakennara til að taka hópmyndir af nemendum til að takmarka kostnað. Jóna Guðrún ætlar að byrja að undirbúa símskránnu og fá upplýsingar hjá Hrafnhildi á skrifstofunni. Síðan má bæta myndunum við síðar.

6. Sölvi Fannar/fyrirlestur

Hafdís hafði samband við Sölva Fannar og er hann tilbúinn að koma í skólann í janúar og ræða við krakkana um hreyfingu og hollt líferni. Best væri að skipta nemendum í tvo hópa, yngri og eldri, og fá þau öll saman á sal. Heilsunefnd er starfandi innan skólans. Hægt væri að hafa s sameiginlega.

7. Flóamarkaður

Kristjana kom með þá hugmynd að halda flóamarkað í skólanum. Þar sem Akurskóli er umhverfisvænn skóli fannst fundarmönnum það mjög góð hugmynd. Foreldrar gætu komið með föt og skó sem selt verður á gjafverði. Þetta gæti verið hvetjandi fyrir nemendur og foreldra til að tína ýmislegt út úr skápunum og koma því í endurnotkun. Nauðsynlegt er að hafa samstarf við skólann þannig að foreldrar geti komið með föt og skó í poka og skilið eftir í skólanum. Gott væri að foreldrar gætu skilað þessum varningi inn frá mánudegi til föstudags (17. – 21 nóv.), á skólatíma, og síðan myndi flóamarkaðurinn verða haldinn helgina 22. og 23. nóv. Stjórnarmeðlimir myndu sjá um allan undirbúning, raða upp, gera allt klárt og standa vaktina. Gott væri þó að fá sjálfboðaliða úr hópi bekkjafulltrúa til að koma og hjálpa til. Allur ágóði af markaðnum rynni til nemenda t.d. í formi ferðasjóðs. Rætt verður við skólayfirvöld til að fá leyfi og stuðning.

8. Skólabúningur

Á fundi foreldraráðs kom upp sú hugmynd að eldri nemendur skólans færu í fjáröflun með því að selja peysur með merki skólans á. Spurning hvort að foreldrafélagið geti komið að málinu. Fundarmenn tóku vel í hugmyndina. Kristjana og Hafdís ætla að ganga í málið og fá tilboð frá Henson. Einnig kom upp sú hugmynd að hægt væri að hafa teikningu á peysunum eftir einhvern hæfileikaríkan nemanda.

9. Fréttabréf

Jóna Guðrún mun taka að sér að koma fréttabréfi FFA á koppinn. Stefnt er á að koma því út sem fyrst svo að hægt sé að auglýsa flóamarkaðinn þ.e.a.s. ef af honum verður og laufabrauðsgerð. Skipst var á hugmyndum varðandi efni í blaðið.

10. Skólaráð

Stefnt var að því að stofna ekki skólaráð fyrr en næsta haust. En fræðslumálayfirvöld Reykjanesbæjar hafa sett á það pressu að það gerist núna í vetur. Því hefur verið rætt um það innan foreldraráðs að setja á stofn skólaráð m.a. með fulltrúa úr foreldraráði og foreldrafélagi en ráðið á að funda 3x á ári skv. lögum. Þar sem skólaráð á að funda svo sjaldan er sú hættu fyrir hendi að foreldrar missi samband sitt við skólann. Sú hugmynd kom upp í ráðinu að foreldraráð starfaði áfram samhliða skólaráði. Stjórnarmenn voru sáttir við þá hugmynd. Ákveðið var að hitta foreldraráð nk. mánudagskvöld til að ræða málið nánar.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir